

Ed.

385. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við fyrri málgr. 14. gr. laganna bætist nýr málslíður:
Hið sama gildir og um spunavélar, heyvinnuvélar og dælur, sem notaðar eru til varnar jarðeplasyki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þótt frestað hafi verið nú um stundarsakir, með lögum nr. 76 1932, greiðslum úr rikissjóði til verkfærakaupasjóðs, þá hafa samt ýmis búnaðarfélög og jarðræktarfélag ekki notað nema að nokkru leyti innieign sína í sjóðnum, og eiga sum þeirra þar talsverða fjárhæð ónotaða. Mun þetta stafa sumpart af því, að félögin eða félagsmenn munu þegar hafa aflað sér þeirra verkfæra, er lögin taka til, og sumpart af hinu, að skort hefir framlag einstaklinga á móti styrknunum. Rétt þykir að gera þeim félögum, er fé eiga í sjóðnum, kost á því að nota það til kaupa á heyvinnuvélum til þess að létta framleiðslukostnaðinn og á spunavélum til almenningsnota á félagssvæðinu.

Nokkrar sveitir hafa orðið fyrir þungum búsisfjum af jarðeplasyki, og er þeim því nauðsyn að afla áhalda til þess að dæla þar til gerðum vökva yfir garðana til varnar gegn þessum vágesti. Þykir því rétt að styrkja búnaðarfélög í hlutaðeigandi sveitum til þess að afla þessara áhalda.